



## 14. fundur aðalstjórnar Aftureldingar 14. des. 2011

**Fundur settur kl. 18:00**

Mætt: Sævar Kristinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Kristín Reynisdóttir og Hekla Klemenzdóttir. Ásmundur Pálsson hafði boðað forföll.

Fundinn sátu undir 1. lið Vilborg Jónsdóttir bókari og Sigurjón Einarsson sem vinnur að endurskoðun ferla í bókhaldi félagsins.

Dagskrá:

1. Staða bókhalds og fjármála
2. Húsnæðismál
3. Samningur Aftureldingar við Mosfellsbæ
4. Bókanir á Varmá (frestað frá sl. fundi)
6. Bréf frá handknattleiksdeild Fram (frestað frá sl. fundi)
7. Önnur mál.

### 1. Staða bókhalds og fjármála.

Vilborg og Sigurjón kynntu afrakstur sinnar yfirferðar en þau vinna að tveggja ára afstemmingu. Sigurjón kynnti stöðumat miðað við 30. nóvember. Sigurjón nefndi sérstaklega að tölvukerfið Nori hafi ekki verið innleitt á skilvirkan hátt. Hann fundaði með aðilum sem standa að baki Nóra og telur að kerfið geti nýst félaginu mun betur en það gerir nú. Hann leggur til að farið verði í massíva innleiðingu á Nóra strax eftir áramót. Ætlunin hafði verið að deildir fengju senda stöðu og hreyfingalista í yfirstandandi viku en það næst ekki fyrr en í næstu viku. Fundað verður með hverri deild fyrir sig í fyrstu viku í janúar og farið yfir stöðuna.

### 2. Húsnæðismál.

Fimleikadeild og Taekwondodeild hafa sent aðalstjórn bréf þar sem fram kemur að húsnæðið að Reykjalundi svari þörfum deildanna. Einnig hefur borist álitserð frá Þorgeiri Þorgeirssyni forstöðumanni fasteigna hjá Mosfellsbæ sem skoðaði og bar saman þá tvo húsnæðiskosti sem hafa verið í skoðun, Reykalund og Völuteig. Formaður upplýsti að karatedeildin muni skoða húnæðið á morgun. Umræða varð um frístundastrætó sem bærinn hefur óskað eftir samstarfi við félagið um. Ef af því verður að félagið fái aðstöðu á Reykjalundi þá er gert ráð fyrir að húsnæðið nýtist frá og með hausti 2012.

Aðalstjórn Aftureldingar lýsir sig meðmælt þeirri ráðstöfun að bæjaryfirvöld taki á leigu húsnæði að Reykjalundi til að leysa úr allra brýnasta húsnæðisvanda félagsins. Jafnframt ítrekar aðalstjórn vilja sinn til að koma að skipulagningu frístundastrætó með bæjaryfirvöldum til að tryggja samgöngur milli allra íþróttasvæða bæjarins.

### 3. Samningur Aftureldingar og Mosfellsbæjar.

Þær upplýsingar hafa fengist að bæjaryfirvöld gera ráð fyrir sömu styrkupp hæð í krónum talið til Aftureldingar og árið 2011.

### 4. Bókanir á Varmá.

Borið hefur á því í haust að margbókað hafi verið í húsið um helgar. Verklagi hefur verið breytt og málið er komið í betri farveg.

## 5. Bréf frá handknattleiksdeild Fram

Bréf sem innihélt kvörtun vegna framkomu Aftureldingarforeldris á heimleik 3ja flokks karla. Málið telst leyst og hefur viðkomandi beðið hlutaðeigandi afsökunar á framgöngu sinni. Aðalstjórn vill minna alla félagsmenn á að í gildir eru siðareglur félagsins sem við öll eigum að kappkosta að fylgja í öllu okkar starfi og við alla atburði sem tengjast Ungmennafélaginu Aftureldingu. Siðareglurnar eru aðgengilegar á vef Aftureldingar.

### Önnur mál:

ASG fór yfir stöðu vinnu við upplýsingavef félagsins, en honum var hleypt af stokkunum þann 7. desember síðastliðinn. Umsjónarfólk deilda bókar sig í kennslu á kerfið, með áherslu á fréttakerfið, hjá Hilmari Tómasi Guðmundssyni hjá Internetkompaníinu sem séð hefur um forritun og smíði vefsins. Á meðan Umsjónarfólk hefur ekki sótt sér tilsögn sér ASG og starfsmaður há Internetkompaníinu um að seta inn fréttir.

Rætt var um starfslok fráfarandi framkvæmdastjóra.

Nýr framkvæmdastóri hefur störf 20. desember.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:42

Næsti fundur verður haldinn í fyrstu viku nýs árs.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir, ritari